

2013-2014



STÍL - Samtök tungumálakennara á Íslandi

[SKÝRSLA STJÓRNAR STÍL, STARFSÁRIÐ 2013 - 2014]

Gerð er grein fyrir störfum stjórnar; innra starfi samtakanna, tengslum við vettvang, starfsþróun, erlendu samstarfi, fjármálum samtakanna og helstu úrlausnarefnum sem stjórn stendur frammi fyrir á næsta starfsári.



Stjórn

- **Skipan stjórnar:** (Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, formaður; Elna Katrín Jónsdóttir, meðstjórnandi; Lilja Margrét Möller, meðstjórnandi; Lovísa Kristjánsdóttir, meðstjórnandi; Steinunn Njálisdóttir, gjaldkeri; Svanlaug Pálsdóttir, vefstjóri; Vera Valgarðsdóttir, ritari. Í stjórninni hefur ríkt einhugur og samtaka vilji til að taka á þeim málum sem áhersla var lögð á í starfsáætlun.

Stjórnarfundir á starfsárinu hafa verið níu, þar af tveir fundir með formönnum stjórna aðildarfélaga.

Félagar í STÍL eru um 710.

Innra starf

- Val á **þema ársins** er byggt á þremur atriðum í starfsáætlun; **tenging skólastiga** í nýjum námskrám og námsmati, **alhliða námsmat** með öllum færniþáttum og að efla **sameiginlega starfsvitund og þekkingu**. Í ágúst 2013 var haldin námsstefna fyrir framtíðarsérfræðinga aðildarfélaganna í námsmati, með liðsstyrk frá Evrópska Nýmálasetrinu í Graz. Þátttakendur voru 31 auk umsjónarmannanna tveggja. Afrakstur námskeiðsins eru módelpróf á þrepum A2, B1 og B2 sem skólar geta haft til viðmiðunar við gerð eigin prófa.
- **Uppfærsla laga** til samræmis við breytta tíma. Á aðalfundi 2013 var samþykkt að skipuð yrði laganefnd í eitt ár til að fara yfir og endurskoða lög. Nefndina skipuðu Jón Ingi Hannesson, Auður Torfadóttir og Jóhanna Guðjónsdóttir. Nefndin skilaði af sér í desember og breytingatillögurnar voru sendar stjórnnum fyrir 20. desember 2013. Nefndinni eru þökkuð öll sú vinna sem lögð var í hana.
- **Félagatal:** Regluleg endurskoðun og tiltekt á félagaskám aðildarfélöganna er mikilvæg aðildarfélögunum ekki síður en STÍL því framlag félaganna til Samtakanna er háð greiðandi félagafjölda. Þátttaka STÍL í alþjóðasamtökum tungumálakennara FIPLV og NBR háð þessum framlögum. Betur má ef duga skal og er mikilvægt að stjórnir fylgist vel með og haldi vel utan um skráða félaga.
- Stjórn STÍL hefur áhyggjur af stöðu tungumálanáms og –kennslu í skólum landsins, en svo virðist sem frekar hafi dregið úr henni en hitt á síðastliðnum árum. Nægir þar að vísa í tölur af vef Hagstofu Íslands en þar segir: „Færri framhaldsskólanemendur læra mörg tungumál. Að meðaltali læra framhaldsskólanemendur 1,36 tungumál skólaárið 2011-2012, sem er lægra en undanfarin ár. Meðalfjöldi tungumála sem framhaldsskólanemendur læra hefur ekki verið lægri síðan Hagstofa Íslands hóf að birta sambærilegar tölur skólaárið 2002-2003.“
- **Fjármál:** Rekstrarreikningur Málfríðar hefur verið sameinaður rekstrarreikningi STÍL og eru nú allar fjárreiður Samtaka tungumálakennara á hendi gjaldkera samtakanna.



Tengsl við vettvang og þvert á skólastig

Málfríður

- **Fullskipuð ritstjórn** hefur tekið við störfum. Núverandi ritstjórn skipa: Ásmundur Guðmundsson (FP), Eva Leplat (FFÍ), Guðný Ester Aðalsteinsdóttir (FEKI), Pétur Rasmussen (FDK) og Svanlaug Pálsdóttir (STÍL). Á þessu starfsári ákvað Halla Thorlacius að hætta störfum fyrir Málfríði og þakkar stjórn henni fyrir langt, óeigingjarnt og farsælt starf í þágu Samtakanna.
- **Blöð ársins:** Út kom vorblað, 2013 en seinkun varð á haustútgáfu vegna þess hve styrkur barst seint frá MRN og mun ritstjórn gera grein þeim í sinni skýrslu, ásamt nýrri ritstjórnarstefnu. Ýtir þetta undir þær viðvarandi hugmyndir sem uppi eru um að vefvæða Málfríði og hafa annað blaðið rafrænt, til að byrja með.
- **Varðveisla eldri árganga:** Rætt hefur verið við Landsbókasafn um að gera formlegan samning um varðveislu á öllum árgöngum Málfríðar. Það felur m.a. í sér að mynda þá árganga af Málfríði 1985-1997 (11X80X64) sem ekki eru á <http://malfridur.ismennt.is/> og setja í pdf –form. Kostnaður við slíka vinnu var áætlaður af Hrafni í t-pósti 26. ágúst 2013 kr. 56.320.- Eitt þeirra atriða sem sótt var um til Kennarasambands Íslands var hýsing eldri eintaka Málfríðar á <http://timarit.is>. Fullur styrkur fékkst frá sambandinu til þessa verks.
- Þörf er á að skipa starfshóp til að gera tillögur að stefnu um vefmál Málfríðar og hvernig þeim verður best fyrir komið til framtíðar.

Heimasíðan

Á heimasíðunni birtast nokkuð reglulega fréttir sem koma öllum tungumálakennurum við. Hins vegar þarf að gera gangskör að einni heildarsíðu fyrir starfsemi Málfríðar þar sem upplýsingar um starfsemi Samtakanna liggja fyrir, Málfríður á sér samastað og vistað er efni frá námskeiðum, ráðstefnum og öðrum tilfallandi viðburðum.

Starfsþróun og tengsl skólastiga

Ör-ráðstefna í tengslum við aðalfund, 1. mars 2013: Á þessari örráðstefnu var efnið: *Stöðupróf – hvenær? fyrir hverja? og til hvers?* Fyrirlesarar voru: Wincie Jóhannsdóttir, Valgerður Bragadóttir, Gry Ek Gunnarsson, Guðrún Ragnarsdóttir. Hægt er að nálgast erindi Gry á heimasíðu aðalfundar.

Ör-ráðstefna í tengslum við aðalfund, 14. mars 2014: Á ráðstefnunni að þessu sinni er sjónum beint að breyttum áherslum í skipulagi kennslu í tungumálunum í kjölfar nýrrar aðalnámskrár; tungumálasjálfi unglinga og áherslum í enskukennslu og alhliða máluppeldi. Fyrirlesarar eru Þórdís Eyvör og Þórhildur í Kvinnaskólanum, nýdoktor, Anna Jeeves og dr. Birna Arnbjörnsdóttir.

Sumarnámskeið 2013:

Sumarnámsstefna um námsmat í ljósi nýrrar aðalnámskrár var haldið í samvinnu við Evrópska nýmálsetrið og Endurmenntun Háskóla Íslands með styrk frá ECML, SEF og KÍ. Haldin var 3ja daga



Skýrsla stjórnar STÍL, samtaka tungumálakennara, starfsárið 2013 - 2014

námsstefna (seminar) 13., 14. og 15. ágúst 2013, með þátttakendum úr grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum, sem aðildarfélögin völdu.

Á námsstefnunni var unnið með aðferðir námsmats í tungumálum aðlagðar að Evrópurammanum. Námsstefnuna sóttu 33 fulltrúar frá aðildarfélögum STÍL og voru fulltrúar bæði af grunn- og framhaldsskólastigi, ásamt kennurum við deild erlendra tungumála við Háskóla Íslands.

Sérfræðingar á námsstefnunni voru fulltrúar ReLang verkefnisins Evrópska Nýmálasetsins í Graz (European Centre for Modern Languages <http://www.ecml.at/>) þau Gilles Breton og Jana Beresova.

Í kjölfarið veitti Mennta- og menningarmálaráðuneytið aðildarfélögunum 900.000 kr. styrk til að standa straum af gerð mólprófa og fékk hvert félag 150.000 kr í sinn hlut. Allir þátttakendur tóku áskoruninni, sömdu próf sem voru send til vottunar (validation) til sérfræðinga Evrópska nýmálasetsins í Graz í upphafi árs 2014.

Við lentum í hremmingum með heimasíðu námstefunnar. Inni í hana hafði einhver hakkað sig og eytt öllu sem þar var. Þetta uppgötvaðist þegar við frá ECML í Graz fengum skilaboð þegar námskeiðssiðan datt niður: „*We had hoped to show it as a (great!) example of what one can do, to one of our upcoming workshops who have expressed an interest in creating a website (fös. 17.1.2014 16:18)*“. Þetta styður enn frekar þörf STÍL fyrir trausta heimasíðu sem heldur utan um allt starf Samtakanna.

Sumarnámskeið 2014:

Sumarnámskeiðið verður helgað námsmati. Á námskeiðinu verður fjallað um **munnlegt námsmat** á grundvelli Evrópurammans (þrep A2, B1, B2) og aðalnámskráa framhaldsskóla. Hér er sjónum beint að þrengra sviði og lögð áhersla á hvernig mat er lagt á munnlega færni á grundvelli færniþrepa rammans. Námskeiðið er því beint framhald af sumarnámstefnu STÍL 2013. Námskeiðið verður haldið í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands dagana 3. og 4. júní 2014 og verður öllum félagsmönnum í STÍL opið á meðan pláss leyfir. Kennarinn kemur frá Frakklandi og heitir Sylvie Lepage. Tungumál námskeiðsins verður enska.

Erlent samstarf

Sigurborg Jónsdóttir, ritari Evrópusambands tungumálakennara, sem er hluti af alþjóðasamtökunum (FIPLV) og formaður NBR - NORDIC-BALTIC hluta, heimssambandsins vinnur nú að því að safna saman upplýsingum um félög, stofnanir og aðra aðila sem hafa tungumálanám og -kennslu hér á landi á sinni könnu. Þetta verkefni verður unnið í samstarfi við Evrópska nýmálasetrið í Graz.

Unnið er að gerð tengslanets „**LACS project**“ ("[Language associations and collaborative support](#)") þar hægt verður að nálgast flokkaðar upplýsingar um alla þá sem standa að tungumálaverkefnum í aðildarlöndum FIPLV. Verkefnið er unnið í samvinnu við ECML og hefur forseti NBR stefnt formönnum aðildarfélaganna til Graz í maí til skrafs og ráðagerða. Gerð hafa verið fyrstu drög að lista af hálfu Íslands.

Auði Torfadóttur, fyrrverandi dósent við menntavísindasvið Háskóla Íslands, hlaut viðurkenningu Alþjóðasamtaka tungumálakennara fyrir lofsvert framlag til tungumálakennslu og rannsókna á sviði tungumála. Hún var tilnefnd til þessarar viðurkenningar af STÍL - Samtökum tungumálakennara á Íslandi, vegna margvíslegra starfa hennar í þágu tungumálakennslu á Íslandi, en STÍL er aðili að Alþjóðasamtökum tungumálakenna FIPLV. Auði var veitt viðurkenningin við hátíðlega athöfn í Hannesarholti 26. nóvember 2013. STÍL er stolt af að hafa Auði innan síns raða.



Fjármál og styrkir

- Ráðuneytið; föst upphæð til allra fagfélaga – 150.000
- Menntamálaráðuneyti – 900.000
- Menntamálaráðuneyti – 500.000
- Styrkur frá Kennarasamtökum Íslands kr. 350.000
- Styrkur frá Þróunarsjóði grunnskóla til kynningar á módelprófum norðanlands (frá 2013)
- SEF – Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara
Endurmenntunarstofnun Háskólans hefur tekið að sér umsjón og framkvæmd styrkumsókna sem og utanumhald og framkvæmd námskeiðanna sjálfra.
- Styrkur til námskeiðsins frá: Vonarsjóði KÍ 62.500.- SEF 509.000, ECML vegna kostnaðar við komu fyrirlesara.

Farið var að samþykkt síðasta aðalfundar, um að inna af hendi þóknar til stjórnarmanna, ritstjórnar og vegna vinnu við útgáfu blaðsins á vef.

Gjaldkeri gerir nánar grein fyrir reikningum, stöðu og uppgjöri.

Samstarf við opinberar stofnanir

- Stofnun Vigdísar vegna Evrópska tungumáladagsins
- Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands vegna sumarnámskeiðs.
- ECML vegna námskeiðs og LACS verkefnisins.

Aftek starfsársins 2013 – 2014

- Sumarnámskeiðið
- Gerð módelprófa
- Samvinna skilaði fjármagni í sérverkefni tengt gerð módelprófanna
- Endurskoðun laga
- Umbætur á bókhaldi
- Eldri árgangar Málfríðar varðveittir í Landsbókasafni
- Alþjóðlegur virðingavottur við Auði Torfadóttur



Áskoranir starfsársins 2014 - 2015

- **Kynning** á námsmati í ljósi nýrrar námskrár og fá þau prófuð á vettvangi.
- **Kannanir:** Óskað verður eftir samstarfi við mennta – og menningarmálaráðuneyti um könnun á stöðu náms og kennslu í erlendum tungumálum í framhaldsskólum. Einnig verður lögð sams konar könnun fyrir stjórnendur grunnskóla á landinu. Undirbúningsvinna er hafin og spurningar settar niður á blað, en útbúa rafræna könnun sem auðveld reynist í framkvæmd, að svara og vinna úr. Ekki hefur verið gerð könnun um þetta efni eftir því sem STÍL rekur minni til, en vísar til samantektar úr könnun sem menntamálaráðuneytið stóð að árið 2006 um menntun dönsku-, ensku- og íslenskukennara í grunnskólum árið 2005 – 2006.
- **Undirbúningur að sumarnámskeiði** er að mestu lokið og í góðum höndum starfsmanna Endurmenntunar.
- **Undirbúningur að afmælisári.** Setja þarf á laggirnar undirbúningshóp.
- **Framtíð Málfríðar og heimasíða STÍL.** Setja þarf á laggirnar öflugan starfshóp sem endurskoða og kemur með tillögur að framtíðarbirtingu tímaritsins og almenn vefmál STÍL.

Þeir sem hafa lagt starfsemi STÍL lið á árinu ☺

- Stjórn STÍL
- Ritstjórn Málfríðar
- Formenn aðildarfélaganna
- Laganefnd
- Semjendur módelprófa
- Starfsfólk Endurmenntunar
- Kennarasamband Íslands
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, húsfrú í Hannesarholti

Og um lengri tíma

Ásmundur Guðmundsson
Halla Thorlacius
Lovísa Kristjánsdóttir

Reykjavík, 7. Mars 2014

Fyrir hönd stjórnar STÍL

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir